

Skólaráð Hörðuvallaskóla

4. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 14. nóvember 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Edda Kjartansdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Arnar Björnsson, Freygerður Ólafsdóttir, Linda Björk Hilmarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir, Sigríður Einarsdóttir

Fulltrúar nemenda: Guðmundur Daníel Erlendsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Umbótaáætlun vegna ytra mats

Farið yfir umbótaáætlun vegna ytra mats menntamálaráðuneytisins á starfi skólans, sem fram fór sl. vor. Fyrir fundinn höfðu fulltrúar í skólaráði fengið send drög að áætluninni. Farið yfir ábendingar og athugasemdir frá skólaráðsfulltrúum og þær breytingar sem gerðar voru vegna þeirra, og eftir síðasta yfirllestur stjórnenda með deildarstjóra grunnskóladeildar Kópavogsbæjar. Umbótaáætlunin síðan samþykkt og verður send ráðuneyti og birt á vefsíðu skólans. Umræður um skipan matsteymis skólans en áhugi er fyrir að fulltrúar foreldra og nemenda eigi þar aðkomu. Stefnt er að skipan nýs matsteymis í janúar.

2. Samskiptastefna heimila og skóla

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Heimanámsstefna

Yfirfarin drög að nýrri heimanámsstefnu skólans, en þau eru byggð á hópavinnu kennara ekki alls fyrir löngu. Fulltrúar foreldra skoða drögin með stjórn Foreldrafélagsins og þau á einnig eftir að ræða í kennarhópnum. Tekið aftur fyrir síðar.

4. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk

Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk í haust. Meðaltöl skólans í 7. bekk eru fyrir ofan landsmeðaltal, einnig í stærðfræði í 4. bekk en í íslensku í 4. bekk er skólinn aðeins undir landsmeðaltali. Umræður um framkvæmd og tilgang samræmdra prófa og kom fram nokkuð mismunandi skilningur á tilgangi prófanna. Af því tilefni var kannað hver yfirlýstur tilgangur prófanna er en hann er fjórþættur. Í fyrsta lagi að athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, í öðru lagi að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur, í þriðja lagi að veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda og í fjórða lagi að veita upplýsingar um hvernig skólar standa á þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

5. Svar við fyrirspurn varðandi aðgerðir vegna árangurs á samræmdum prófum í 10. bekk

Á síðasta fundi var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá foreldri við skólann: „Í ljósi hlutfallslegrar dreifingar hæfnieinkunna nemenda úr 10. bekk í Hörðuvallaskóla sem birt er í skýrslu um ytra mat 2017 er spurt til hvaða aðgerða eigi að grípa til að laga og bæta árangur nemenda í Hörðuvallaskóla í stærðfræði og íslensku og hver muni taka ábyrgð á þeim aðgerðum.“ Svar skólastjóra við spurningunni er eftirfarandi: Í spurningunni er vísað til þess að úttekt á niðurstöðum úr samræmdu prófi í 10. bekk 2015 sýnir að það eru hlutfallslega færri nemendur í Hörðuvallaskóla sem ná hæstu hæfnieinkunnum (A og B+) en í öðrum skólum landsins að meðaltali. Jákvætt er hins vegar að það eru einnig færri nemendur hlutfallslega í Hörðuvallaskóla sem fá lægstu einkunnirnar (C og D) og rétt að halda því til haga að heildarmeðaltal nemenda skólans er yfir landsmeðaltali á umræddu prófi. Niðurstaðan virðist sýna að okkur gangi bærilega að koma til móts við þá nemendur sem standa

höllum fæti en ekki nægilega vel að hvetja þá áfram sem hugsanlega gætu skarað fram úr. Þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til á unglíngastigi skólans eru ætlaðar til þess að efla sjálfstæði nemenda og auka ábyrgð þeirra á námi sínu. Jafnframt er skólinn að taka upp nemendasamtöl sem gætu stuðlað að hvatningu til nemenda, ekki síst þeirra sem eru að vinna undir getu. Breytt námsmat, með áherslu á leiðsagnarmat, sem gefur nemendum í auknum mæli kost á að fá metna framúrskarandi vinnu ætti auk þess að ýta undir metnað þeirra og vinnugleði. Þá er hugmyndin að leitast á næstu misserum við að auka val nemenda um viðfangsefni og námsaðferðir en sú vinna er í raun rétt að hefjast. Þarna er um flókið mál að ræða og oft erfitt að segja til um hvað það er sem raunverulega skilar mestum árangri. Það er hins vegar ljóst að skólastjóri ber ábyrgð á þessu máli sem öðrum og það er skoðun hans að framangreindar aðgerðir geti skilað árangri í rétta átt, en ljóst er að það gæti tekið nokkurn tíma svo óyggjandi sé.

6. Önnur mál

Skóli fyrir alla - kynnt vinna sem í gangi er við að skýra ferla og hlutverk sem snerta stoðþjónustu skólans.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 14. desember en verður boðaður með viku fyrirvara.